

Starfs- og rekstraráætlun 2020

Samþykkt á 479. fundi stjórnar
Byggðastofnunar 17. desember 2019



Efnisyfirlit

SAMANTEKT	3
INNGANGUR	6
1. REKSTUR BYGGÐASTOFNUNAR	7
1.1 Áætlun um rekstur Byggðastofnunar 2020	7
1.2 Rekstraráætlun 2020	8
1.3 Starfsþróun og upplýsingakerfi	9
1.3.1 Uppfærsla umsóknargáttar	9
1.3.2 Aukin þekkingaröflun og endurmenntun starfsmanna	9
2. MÓTUN BYGGÐASTEFNU	10
2.1 Lög um Byggðastofnun nr. 106/1999 með síðari breytingum	10
2.2 Lög um byggðaáætlun og sóknaráætlanir nr. 69/2015	10
2.3 Inngangur	11
2.3.1 Stefnumótandi byggðaáætlun.....	11
2.3.2 Sóknaráætlanir	11
2.3.3 Sveitarfélög og samtök þeirra	12
2.4 Verkefni á sviði byggðastefnu á árinu 2020	12
2.4.1 Byggðaáætlun 2018–2024.....	12
2.4.2 Sóknaráætlanir landshluta	14
3. LÁNASTARFSEMI BYGGÐASTOFNUNAR	15
3.1 Lög um Byggðastofnun nr. 106/1999 með síðari breytingum	15
3.2 Stöðugreining	15
3.3 Útlánaáætlun og verkefni á sviði lánamála á árinu 2020	17
3.3.1 Bætt þjónusta og aukinn sýnileiki í landsbyggðunum	18
3.3.2 Áhættustefnur og áhættureglur – mælingar og eftirfylgni	19
3.3.3 Lánaflokkar	19
3.3.4 Kaup á hlutafé og styrkveitingar 2020.....	19
4. STUÐNINGUR VIÐ BYGGÐAÞRÓUN	20
4.1 Lög um Byggðastofnun nr. 106/1999 með síðari breytingum	20
4.2 Inngangur	20
4.2.1 Atvinnuráðgjöf á starfssvæði Byggðastofnunar	20
4.2.2 Stuðningur við brothætt byggðarlög	22
4.2.3 Aflamark Byggðastofnunar	23
4.2.4 Svæðisbundin flutningsjöfnun.....	23
4.2.5 Flutningsjöfnun olíuvara.....	24
4.2.6 AVS.	24
4.2.7 Annar stuðningur við byggðaðróun.....	24
4.3 Verkefni á sviði byggðaðróunar á árinu 2020	25
4.3.1 Stuðningur við atvinnuþróun	25
4.3.2 Brothættar byggðir	25

4.3.3 Aflamark Byggðastofnunar	25
4.3.4 Svæðisbundin flutningsjöfnun.....	25
4.3.5 Flutningsjöfnun olíuvara.....	26
4.3.6 AVS	26
4.3.7 Annar stuðningur við byggðapróun.....	26
5. ÖFLUN OG MIÐLUN UPPLÝSINGA	27
5.1 Lög um Byggðastofnun nr. 106/1999 með síðari breytingum	27
5.2 Inngangur	27
5.2.1 Úttektir, greiningar og umsagnir	28
5.2.2 Mat á áhrifum nýfjárfestingarverkefna, umsagnir um þingmál	29
5.2.3 Gagnagrunnur um byggðatengdar upplýsingar	29
5.2.4 Stuðningur við rannsóknir	30
5.3 Verkefni við söfnun og miðlun upplýsinga á árinu 2020	30
5.3.1 Úttektir, greiningar og umsagnir	30
5.3.2 Mat á áhrifum nýfjárfestingarverkefna, umsagnir um þingmál	31
5.3.3 Gagnagrunnur um byggðatengdar upplýsingar	31
5.3.4 Stuðningur við rannsóknir	31
6. STARFSÁÆTLUN STJÓRNAR BYGGÐASTOFNUNAR	32
6.1 Efni á dagskrá stjórnarfunda	32

SAMANTEKT

Helstu verkefni sem unnið verður að á vegum Byggðastofnunar á árinu 2020:

1. Uppfærsla umsóknargátta (1.3.1)

Fjölgun rafrænna eyðublaða í umsóknargátt sem leiða mun til betri þjónustu við viðskiptavinum stofnunarinnar.

2. Aukin þekkingaröflun og endurmenntun starfsmanna (1.3.2)

Á árinu 2018 voru reglur um nám og endurmenntun starfsmanna kynntar. Á árinu verður starfsfólk hvatt til að nýta sér möguleika á þekkingaröflun og endurmenntun

3. Byggðaaáætlun 2018-2024 (2.4.1)

Byggðaaáætlun, sem nær til árána 2018-2024 var samþykkt á vorþingi 2018. Á árinu mun stofnunin koma að framkvæmd einstakra aðgerða eins og áætlunin gerir ráð fyrir. Um er að ræða verkefni A.2. Þjónustukort (gagnasöfnun, úrvinnsla og framsetning upplýsinga á kortagrunni), A.9. Verslun í strjálbýli, A.18. Skilgreining opinberrar þjónustu, C.2. Brothættar byggðir (sjá síðar) og C.13. Opinberar upplýsingar á sviði byggðamála. Einnig er um að ræða verkefni sem stofnunin sinnir og fjármögnuð eru af byggðaaáætlun, svo sem NORA, NPA og ESPON.

4. Sóknaráætlanir (2.4.2)

Byggðastofnun mun vinna með stýrihópi Stjórnarráðsins að útfærslu og framkvæmd verkefnisins, aðstoða einstök landshlutasamtök við framkvæmd sóknaráætlana, samhæfa aðkomu ólíkra stofnana ríkisvaldsins að þessari vinnu, vinna að stöðugreiningum og þróun mælikvarða á árangri sóknaráætlana einstakra landshluta og fara yfir skilgreinar vegna framkvæmdar samninga um sóknaráætlanir.

5. Bætt þjónusta og aukinn sýnileiki (3.3.1)

Á árinu 2020 verður áfram lögð áhersla á bætt þjónustu og sýnileika fyrirtækjasviðsins út um allt land með reglulegum heimsóknum starfsmanna sviðsins. Bæði gagnvart nýjum og núverandi viðskiptavinum, atvinnuráðgjafapróunarfélögum og fulltrúum sveitastjórna auk þess sem að opnir kynningafundir verða haldnir.

6. Nýir lánaflokkar (3.3.5)

Lánaflokkum í boði hjá stofnuninni hefur fjölgað hin síðustu ár, enda mikilvægt að stofnunin bregðist við breytingum í samfélaginu hverju sinni með uppfærslum á vöruframboði sínu. Skoðaður verður sá möguleiki að bæta enn við lánaflokkum, annars vegar tengdum umhverfismálum og hins vegar til fjármögnunar fiskiskipa með kvóta í viðkvæmari byggðum. Jafnframt verði skoðaðar breytingar eða uppfærslur á núverandi lánaflokkum.

7. Stuðningur við atvinnuþróun (4.3.1)

Stuðningur við atvinnuráðgjöfina verður í samræmi við samninga og fjárveitingar á fjárlögum. Stefnit er að því að fá niðurstöðu í hvort heimilt sé að breyta sérstökum fjárframlögum og í framhaldinu verði ráðist í endurskoðun reiknireglu við skiptingu fjárframlaga til starfseminnar.

8. Brothættar byggðir (4.3.2)

Unnið verður áfram að verkefninu sem hófst á Raufarhöfn árið 2012. Verkefnið mun ná til sjö byggðarlaga á árinu.

9. Aflamark Byggðastofnunar (4.3.3)

Áfram unnið að almennri umsýslu með þeim samningum sem eru í gildi í 11 byggðarlögum.

10. Flutningsjöfnun (4.3.4)

Auglýst verður eftir umsóknum um styrki vegna flutningsjöfnunar, umsóknir sem berast yfirfarnar, afgreiddar og greitt út samkvæmt reglum. Aðilar sem fá greitt geta svo átt von á að verða heimsóttir og að gögn varðandi kostnað séu skoðuð. Gerð verður úttekt á fyrirkomulagi og framkvæmd.

11. Flutningsjöfnun olíuvara (4.3.5)

Byggðastofnun hefur umsjón með Flutningsjöfnunarsjóði olíuvara. Markmið laga um sjóðinn er að endurgreiða flutningskostnað á olíuvörum. Stjórn sjóðsins hefur skilað inn minnisblaði til ráðuneytisins um heppilegar breytingar á endurgreiðslu flutningskostnaðar. Þar er lagt til að sjóðurinn verði aflagður og flutningsjöfnun færð inni byggðaáætlun.

12. AVS sjóður (4.3.6)

AVS sjóðurinn verður starfræktur á sama máta og áður í samræmi við það fjármagn sem sjóðnum er falið að úthluta.

13. Annar stuðningur við byggðapróun (4.3.7)

Byggðastofnun mun áfram taka þátt í samstarfi við Listahátíð í Reykjavík og Air Iceland Connect um veitingu Eyrarrósarinnar jafnframt því sem Landstólpinn verður veittur á aðalfundi stofnunarinnar.

14. Úttektir og greiningar (5.3.1)

Stofnunin mun vinna tölfraeðileg gögn um íbúapróun, þróun fasteignamats og fasteignagjalda, orkukostnað og atvinnutekjur eftir atvinnugreinum og svæðum. Einstakir kaflar stöðugreiningar landsins verða uppfærðir eftir því sem tilefni gefst. Unnin verður skýrsla um staðsetningu og fjölda starfa á vegum ríkisins og stofnana þess miðað við áramót 2019/2020. Haldið verður áfram frekari úrvinnslu úr niðurstöðum þjónustukannana. Lokið verður þátttöku í að skilgreina smásvæði til hagskýrslugerðar. Haldið verður áfram vinnu við að skilgreina rétt fólks til opinberrar þjónustu og vinnslu tillagna um jöfnun kostnaðar. Áfram verður unnin skýrsla um hagvöxt landshluta í samvinnu við Hagfræðistofnun Háskóla Íslands. Skýrsla um þróun atvinnutekna eftir atvinnugreinum og svæðum verður uppfærð. Haldið verður áfram að skoða hvernig eignarhaldi bújarða er háttað. Þá mun stofnunin eftir fönngum vinna úttektir og greiningar fyrir ráðuneyti, þingnefndir, sveitarstjórnir og landshlutasamtök. Kortagögn verða uppfærð og stærð vinnusóknarsvæða endurskoðuð.

15. Mat á áhrifum nýfjárfestingarverkefna, umsagnir um þingmál (5.3.2)

Unnið verður mat á áhrifum nýfjárfestingarverkefna verði eftir því óskað. Unnin verður greining á frumvarpi til fjárlaga með tilliti til byggðaáhrifa. Veittar verða umsagnir um þingmál eftir því sem tilefni gefst til.

16. Gagnagrunnur um byggðatengdar upplýsingar (5.3.3)

Haldið verður áfram að byggja upp og þróa gagnagrunn á sviði byggðamála. Unnið verður að því að safna byggðatengdum upplýsingum í grunninn. Haldið verður áfram samstarfi við Þjóðskrá, Skipulagsstofnun, Hagstofu Íslands, Samband íslenskra sveitarfélaga, Landmælingar og fleiri aðila um gagnaöflun og þróun myndrænnar framsetningar slíkra upplýsinga. Skoðað verður hvort mögulegt sé samstarf við landshlutasamtökin varðandi rekstur gagnagrunns.

17. Stuðningur við rannsóknir (5.3.4)

Haldið verður áfram rannsókn á búferlaflutningum sem hafin var 2018. Veittir verða styrkir úr Byggðarannsóknarsjóði á ársfundi stofnunarinnar vorið 2020. Auglýstir verða styrkir til mastersnema vegna verkefna sem tengjast byggðamálum. Haldin verður ráðstefna um skólamál í dreifðum byggðum haustið 2020 í samvinnu við Sambandi íslenskra sveitarfélaga og fleiri.

INNGANGUR

Í starfs- og rekstraráætlun Byggðastofnunar fyrir árið 2020 er auk áætlunar um rekstur lýst fjölbreyttum verkefnum sem tengjast verksviði stofnunarinnar og hinum ýmsum sviðum byggðamála. Áætlunin skiptist í 6 megin hluta. Fremst er áætlun um rekstur, því næst yfirlit yfir verkefni er lúta að mótun byggðastefnu, þá er kafli um útlánastarfsemina, svo um stuðning við byggðapróun, kafli um verkefni er lúta að öflun og miðlun upplýsinga á verkefnasviði Byggðastofnunar og að lokum kafli um starfsáætlun stjórnar Byggðastofnunar. Byggðamál hafa verið skilgreind á þann veg að þau séu öll þau viðfangsefni sem hafa áhrif á lífsgæði og samkeppni landshluta, s.s. búsetu, atvinnu og nýsköpun. Þau snúa að eflingu samfélaga, félagsauðs, atvinnulífs, menntunar, menningar, velferðarmála, samgangna og fjarskipta. Samkvæmt þessari skilgreiningu, sem og lögum nr. 69/2015 um byggðaáætlun og sóknaráætlanir landshluta, eru byggðamál viðfangsefni allra ráðuneyta með einhverjum hætti og ná til landsins alls.

Ný byggðaáætlun sem tekur til árána 2018-2024 var samþykkt á Alþingi vorið 2018. Samkvæmt henni eru meginmarkmið stjórnvalda á sviði byggðamála að jafna aðgengi að þjónustu, að jafna tækifæri til atvinnu og að stuðla að sjálfbærri þróun byggða um allt land. Áætlunin inniheldur aðgerðaáætlun sem á að stuðla því að þessi markmið náist. Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar eru ýmis áform um bætt búsetuskilyrði og jöfnun tækifæra allra sem landið byggja. Byggðaáætlun og stjórnarsáttmáli ríkisstjórnar leggja megin línur um starfsemi Byggðastofnunar á hverjum tíma. Auk þess er jafnan unnið að fjölbreyttum verkefnum á sviði byggðamála eftir því sem tilefni gefast til, ýmist að frumkvæði ráðherra eða stofnunarinnar sjálfrar.

Fjölmargir ytri og innri þættir hafa einnig áhrif á viðfangsefni Byggðastofnunar hverju sinni. Meðal þeirra má nefna heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna sem samþykkt voru árið 2015 og snúast í grunninn um sjálfbæra þróun. Þar koma m.a. fram markmið um aðgengi að menntun, um sjálfbæra orku, góða atvinnu og hagvöxt, nýsköpun og uppbyggingu auk þess sem fleira mætti telja. Þessi markmið endurspeglast í ýmsum verkefnum byggðaáætlunar og þannig inn í verkefnastofn Byggðastofnunar. Á sama hátt vex stöðugt áhersla á umhverfismál og þess má einnig sjá ýmis merki í starfsáætluninni.

1. REKSTUR BYGGÐASTOFNUNAR

1.1 Áætlun um rekstur Byggðastofnunar 2020

Samkvæmt 11. gr. laga um Byggðastofnun nr. 106/1999 skal vera reikningslegur aðskilnaður milli lánastarfseminnar og annarrar starfsemi. Samkvæmt 7. gr. reglugerðar um Byggðastofnun nr. 347/2000 skal stjórn ákveða starfsáætlun, rekstraráætlun, og útlánaáætlun til eins árs í senn að fenginni tillögu forstjóra. Skal áætlunin kynnt ráðherra eigi síðar en 15. febrúar ár hvert.

Lánastarfseminni er ætlað að bera allan kostnað vegna fyrirtækjasviðs og lögfræðisviðs og helming kostnaðar vegna rekstrarsviðs, forstjóra og stjórnar, á móti þróunarsviði. Samkvæmt Fjárlögum 2020 verður framlag til reksturs Byggðastofnunar 385,3 m.kr. sem er 7,6% lækkun frá Fjárlögum 2019. Skýrist lækkunin fyrst og fremst af þeirri ástæðu að tímabundið 30 m.kr. framlag vegna erfiðleika í minkarækt fellur niður.

Fjárveiting til Byggðastofnunar skiptist þannig að til almenns rekstrar Byggðastofnunar renna alls 175,7 m.kr. (176,3 m.kr. 2019) og til atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni renna 209,6 m.kr. (210,7 m.kr. 2019)

Gert er ráð fyrir 2,5 ma.kr. lántökuheimild Byggðastofnunar í fjárlagafrumvarpinu og 2,75 ma.kr. í nýjar lánveitingar. Nýjar lánveitingar voru 2,8 ma.kr. árið 2018 og voru orðnar 2,36 ma.kr. í lok október 2019. Samþykkt ógreidd lánsloforð nema í dag 3,0 ma.kr.

Í lok september 2019 var eiginfjárlutfall Byggðastofnunar 19,7%, og því uppfyllir stofnunin skilyrði 84. gr. laga nr. 161/2002 um lágmarks eiginfjárgrunn fjármálaframtækja sem í dag er 8%. Skv. ákvörðun Fjármálaeftirlitsins hækkar s.k. sveiflujöfnunarauki um 0,25%. 1. febrúar 2020 Við þessa ákvörðun hefur Fjármálaeftirlitið lagt þá skyldu á stofnunina að viðhalda eiginfjarauki í samræmi við eftirfarandi töflu.

Dagsetning	1.11.16	1.1.17	1.3.17	1.11.17	1.1.18	15.5.19	1.2.20
Sveiflujöfnunarauki	-	-	1,00%	1,25%	1,25%	1,75%	2,00%
Verndunarauki	1,00%	1,75%	1,75%	1,75%	2,50%	2,50%	2,50%
Samanlögð krafa um eiginfjáruka	1,00%	1,75%	2,75%	3,00%	3,75%	4,25%	4,50%

Starfsmenn stofnunarinnar í nóvember 2019 voru 26. Að auki hefur verið gerður vistaskiptasamningur vegna eins starfsmanns við Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið og gildir hann fram til loka júní 2020. Gert er ráð fyrir að ráðinn verði nýr sérfræðingur á þróunarsviði þar sem starfsmaður á sviðinu mun hætta sökum aldurs. Þá hefur ekki verið ráðið í starf starfsmanns á þróunarsviði til að þróa áfram gagnagrunn um byggðatengdar upplýsingar sem hafist var handa við. Gert er því ráð fyrir að starfsmenn verði 27.

1.2 Rekstraráætlun 2020

Rekstrarreikningur þ.kr.	Rekstur 2018	Áætlun 2019	Áætlun 2020
Tekjur			
Vaxtatekjur og verðbætur.....	1.098.491	1.150.000	1.250.000
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði.....	376.200	417.000	385.300
Gengismunur.....	7.119	0	0
Aðrar rekstrartekjur.....	91.653	82.000	85.000
Tekjur vegna Brothættra byggða.....	141.602	100.000	100.000
Tekjur samtals.....	1.715.064	1.749.000	1.820.300
Gjöld			
Vaxtagjöld.....	630.646	650.000	600.000
Laun og launatengd gjöld.....	357.245	376.000	400.000
Almennur rekstrarkostnaður.....	162.807	147.000	170.000
Rekstur fullnustueigna.....	4.872	10.000	10.000
Framlög til atvinnuþróunarfélaga.....	204.800	210.700	209.600
Veittir aðrir styrkir.....	7.000	10.000	10.000
Veittir styrkir v. Brothættra byggða.....	114.157	90.000	90.000
Framlag í afskriftarreikning útlána.....	172.792	200.000	206.250
Framlag í afskriftarreikning viðskiptakrafna.....	-500	0	0
Endurmat fullnustueigna.....	40.299	10.000	10.000
Breyting á hlutfé.....	-97.740	-30.000	0
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna.....	5.300	15.000	15.000
Gjöld samtals.....	1.601.677	1.688.700	1.720.850
Hagnaður ársins.....	113.387	60.300	99.450

Sjóðstreymisáætlun þ.kr.	Rekstur 2018	Áætlun 2019	Áætlun 2020
Hagnaður ársins.....	113.387	60.300	99.450
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi.....	129.477	180.000	216.250
Breytingar á rekstrartengdum eignum.....	5.300	15.000	15.000
Handbært fé frá rekstri.....	248.164	255.300	330.700
Fjárfestingarhreyfingar			
Afborganir útlána.....	1.522.719	1.500.000	1.650.000
Veitt ný lán.....	-2.845.778	-2.750.000	-2.750.000
Innleystar eignir.....	-12.772	0	0
Hlutabréf.....	55.013	50.000	50.000
Varanlegir rekstrarfjármunir.....	-31.230	-400.000	-200.000
Skuldunautar.....	-15.566	0	0
Fjárfestingarhreyfingar samtals.....	-1.327.614	-1.600.000	-1.250.000
Fjármögnunarhreyfingar			
Greiðslur af lántökum.....	-963.572	-1.200.000	-1.400.000
Nýjar lántökur.....	2.000.000	2.500.000	2.500.000
Skuldheimtumenn og óráðstöfuð framlög.....	55.632	-50.000	-20.000
Fjármögnunarhreyfingar samtals.....	1.092.060	1.250.000	1.080.000
Breytinga á handbæru fé	12.610	-94.700	160.700
Handbært fé í ársbyrjun.....	1.089.861	1.102.471	1.007.771
Handbært fé í árslok.....	1.102.471	1.007.771	1.168.471

1.3 Starfsþróun og upplýsingakerfi

1.3.1 Uppfærsla umsóknargáttar

Haldið verður áfram að auka við umsóknir í umsóknargátt stofnunarinnar. Í dag er hægt að sækja um lán og styrki en hagræði væri ef hægt væri að sækja um hluti eins og skilmálabreytingar, breytingar á gjalddögum, skuldskeytingar o.fl. rafrænt í umsóknargáttinni og því mikilvægt að fjölgað sé þeim umsóknum sem í boði eru. Skjalavistunarkerfi stofnunarinnar var uppfært á árinu 2018 og verður unnið áfram því að bæta þjónustuna enn frekar í því að þróa fleiri umsóknir sem í boði eru.

1.3.2 Aukin þekkingaröflun og endurmenntun starfsmanna

Nauðsynlegt er að ýta undir þekkingaröflun og endurmenntun starfsmanna stofnunarinnar en mjög misjafnt hefur verið undanfarin ár hversu duglegt fólk er að sækja sér endurmenntun eða auka við þekkingu sína. Lög verður áhersla á starfsþróun og er það markmiði sett að allir starfsmenn stofnunarinnar sækji sér a.m.k. eitt námskeið á ári sem stofnunin styrki að öllu leiti eða að hluta. Hugað verður að gerð starfsþróunaráætlunar.

Áætlað umfang 2020

Uppfærsla umsóknargáttar 1 mannmánuður

2. MÓTUN BYGGÐASTEFNU

2.1 Lög um Byggðastofnun nr. 106/1999 með síðari breytingum

2. gr. Hlutverk

Hlutverk Byggðastofnunar er að efla byggð og atvinnulíf með sérstakri áherslu á jöfnun tækifæra allra landsmanna til atvinnu og búsetu.

Í samræmi við hlutverk sitt undirbýr, skipuleggur og fjármagnar stofnunin verkefni og veitir lán með það að markmiði að treysta byggð, efla atvinnu og stuðla að nýsköpun í atvinnulífi. Fjármögnun verkefna skal eftir föngum vera í samstarfi við aðra.

Stofnunin skipuleggur og vinnur að atvinnuráðgjöf í samstarfi við atvinnuþróunarfélög, sveitarfélög og aðra haghafa.

Byggðastofnun fylgist með þróun byggðar í landinu, m.a. með gagnasöfnun og rannsóknum. Stofnunin getur gert eða látið gera áætlanir um þróun byggðar og atvinnulífs í þeim tilgangi að treysta búsetu og atvinnu í byggðum landsins.

Beinar aðgerðir skv. 2. og 3. mgr. einskorðast við samþykkt stuðningssvæði á gildandi byggðakorti af Íslandi sem Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hefur samþykkt fyrir tímabilið 1. júlí 2014 til 31. desember 2020.

2.2 Lög um byggðaáætlun og sóknaráætlanir nr. 69/2015

2. gr. a. Byggðamálaráð.

Ráðherra skipar byggðamálaráð sem gerir tillögu til ráðherra að stefnumótandi byggðaáætlun og fimm ára aðgerðaáætlun að fengnum áherslum ráðherra, sbr. 3. gr. Í byggðamálaráði sitja tveir fulltrúar ráðherra og skal annar þeirra vera formaður, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, forstjóri Byggðastofnunar og fulltrúi þeirrar skrifstofu ráðuneytisins sem fer með byggðamál. Skipunartími ráðsins takmarkast við embættistíma þess ráðherra sem skipar.

3. gr. Byggðaáætlun.

Ráðherra leggur á að minnsta kosti þriggja ára fresti fyrir Alþingi tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun til fimmtán ára í senn.

Áætlunin skal lýsa stefnu ríkisins í byggðamálum hverju sinni og samhæfingu við aðra stefnumótun og áætlanagerð hins opinbera. Byggðaáætlun skal hafa að meginmarkmiði að jafna tækifæri allra landsmanna til atvinnu og þjónustu, jafna lífskjör og stuðla að sjálfbærri þróun byggðarlaga um land allt. Sérstaka áherslu skal leggja á svæði sem búa við langvarandi fólkfækkun, atvinnuleysi og einhæft atvinnulíf. Í byggðaáætlun skal jafnframt mörkuð aðgerðaáætlun til næstu fimm ára. Skal þar m.a. gerð grein fyrir sérstökum áformum ríkisins um stuðning við atvinnulíf á skilgreindum stuðningssvæðum byggðakorts af Íslandi sem Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hefur samþykkt fyrir tiltekið tímabil og tengingu þeirra við sóknaráætlanir. Áður en aðgerðaáætlun er unnin leggur ráðherra fram fjárhagsramma til byggðamálaráðs.

2.3 Inngangur

Markviss og árangursrík byggðastefna tekur mið af fjölbreyttum þörfum einstaklinga, margbreytileika byggðalaga og ólíkum aðstæðum einstakra landssvæða. Í því sambandi er mikilvægt að efla frumkvæði heimamanna og ábyrgð þeirra á eigin samfélagi. Þannig getur markviss flutningur verkefna til sveitarfélaga frá ríki unnið gegn tilhneigingu þess til að þjappa opinberri þjónustu saman, stuðlað að því að opinbert fé sé nýtt sem best í samræmi við aðstæður á hverjum stað og að valddreifingu. Slík valddreifing kallar á sterka svæðisbundna samstöðu og átak gegn hrepparíg og þröngri hagsmunagæslu einstakra byggðarlaga.

Með lögum um byggðaaætlun og sóknaráætlanir er lagt upp með það markmið að efla byggðapróun og auka samráð milli ráðuneyta á sviði byggðamála, innan hvers landshluta og milli stjórnsýslustiga, en jafnframt að færa til sveitarstjórna aukna ábyrgð á sviði byggða- og samfélagsþróunar. Settur er á laggirnar stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál sem skipaður er fulltrúum allra ráðuneyta og fulltrúa frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Hlutverk stýrihópsins er að efla samhæfingu innan Stjórnarráðsins í málefnum sem snúa að byggðamálum og tryggja virkt samráð við sveitarstjórnarstigið í málaflokknum.

Við ríkisstjórnarskipti í janúar 2017 voru byggðamálin flutt frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins.

2.3.1 Stefnumótandi byggðaaætlun

Þingsályktun um stefnumótandi byggðaaætlun fyrir árin 2018-2024 var samþykkt á Alþingi þann 11. júní 2018 og er hún númer 24/2018. Meginmarkmið byggðaaætlunar er, eins og fram kemur í lögum, að jafna tækifæri allra landsmanna til atvinnu og þjónustu, jafna lífskjör og stuðla að sjálfbærri þróun byggðarlaga um land allt. Sérstaka áherslu skal leggja á svæði sem búa við langvarandi fólkfækkun, atvinnuleysi og einhæft atvinnulíf.

Til þess að ná þessum markmiðum eru settar fram 47 áherslur sem margar, en ekki allar, leiða til aðgerða, sumar fleiri en einnar. Aðrar áherslur eru til samþættingar við aðgerðir í öðrum opinberum áætlunum. Einnig eru í áætluninni 54 beinar aðgerðatillögur. Ábyrgð á einstökum aðgerðum er á herðum tiltekins ráðuneytis.

Byggðastofnun er skráð sem framkvæmdaraðili 11 aðgerða. Til viðbótar fer Byggðastofnun með umsýslu þriggja verkefna sem eru fjármögnuð af byggðaaætlun þó þau séu ekki talin upp undir aðgerðum.

2.3.2 Sóknaráætlanir

Sóknaráætlanir landshluta eru stefnumótandi áætlanir sem taka til allra átta starfssvæða landshlutasamtaka sveitarfélaga. Í þeim á að koma fram stöðumat viðkomandi landshluta, framtíðarsýn, markmið og aðgerðir til að ná þeim markmiðum. Jafnframt skal þar mælt fyrir um svæðisbundnar áherslur sem taka mið af meginmarkmiðum byggðaaætlunar, landsskipulagsstefnu, skipulagsáætlunum, menningarstefnu og, eftir atvikum, annarri opinberri stefnumótun.

Byggðastofnun gegnir margþættu hlutverki hvað varðar sóknaráætlanir. Stofnunin vinnur með stýrihópi Stjórnarráðsins um byggðamál, sem hefur það hlutverk að efla samhæfingu innan Stjórnarráðsins í málefnum sem snúa að byggðamálum og tryggja virkt samráð við sveitarstjórnarstigið. Verkefnisstjóri stýrihópsins er starfsmaður Byggðastofnunar. Stofnunin metur framvindu

sóknaráætlana, leiðir samvinnu við stýrihópinn við gerð byggðaaætlunar og samhæfingu hennar við sóknaráætlanir. Að auki vinnur Byggðastofnun stöðugreiningar og þróar mælikvarða á árangur sóknaráætlana einstakra landshluta.

2.3.3 Sveitarfélög og samtök þeirra

Efling sveitarfélaga og landshlutasamtaka þeirra er mikilvægur þáttur í því að styrkja byggð og stuðla að jákvæðri byggðapróun um allt land. Aðstæður eru afar ólíkar í mismunandi sveitarfélögum og byggðarlögum innan þeirra og mikilvægt að opinbert fé sé nýtt í samræmi við aðstæður á hverjum stað.

Mörg atvinnu- og þjónustuvæði er að finna innan sumra sveitarfélaga og getur það skapað ýmis vandamál við skipulag opinberrar þjónustu. Landshlutasamtökin gegna lykilhlutverki í því að samræma starfsemi innan einstakra landshluta gagnvart ríkisvaldinu en jafnframt er mikilvægt að samræma aðkomu ríkisins að verkefnum sem snerta málaflokka margra ráðuneyta og stofnana ríkisins. Ýmis verkefni ganga jafnframt þvert á landshluta og má þar til dæmis nefna málefni byggðarlaga sem búa við viðvarandi fólksfækkun og mat á samfélagslegum áhrifum framkvæmda sem snerta fleiri en einn landshluta.

Samstarf Byggðastofnunar við sveitarfélög og landshlutasamtök þeirra um stefnumótun er margþætt. Svo sem fjallað er um í kafla 2.3.2 vinnur Byggðastofnun stöðugreiningar fyrir einstaka landshluta og vinnur að þróun mælikvarða á árangri sóknaráætlana landshlutanna. Byggðastofnun mun leggja áherslu á samstarf við Samband íslenskra sveitarfélaga varðandi stefnumótun og áætlanagerð. Stofnunin hefur ennfremur samstarf við sveitarfélögin og landshlutasamtök þeirra um fyrirkomulag atvinnuráðgjafar eins og nánar er fjallað um í 4. kafla. Loks safnar stofnunin og miðlar ýmsum upplýsingum sem snerta sveitarfélögin með beinum eða óbeinum hætti, svo sem nánar er fjallað um í fimmta kafla.

Nú (í desember 2019) liggur fyrir Alþingi tillaga til þingsályktunar frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga fyrir árin 2019–2033 og aðgerðaáætlun fyrir árin 2019–2023. Í þingsályktuninni eru tillögur um lágmarksíbúafjölda í sveitarfélögum sem munu hafa í för með sér mikla fækkun sveitarfélaga nái þær fram að ganga.

2.4 Verkefni á sviði byggðastefnu á árinu 2020

2.4.1 Byggðaaætlun 2018–2024

Byggðastofnun er framkvæmdaaðili eftirtalinna aðgerða í byggðaaætlun sem reiknað er með að unnið verði að á árinu 2020:

A.2. Þjónustukort

- Á árinu 2018 hófst vinna við svokallað þjónustukort en kortið á að sýna aðgengi landsmanna að þjónustu hins opinbera og einkaaðila. Það felst bæði í gagnasöfnun, úrvinnslu og framsetningu upplýsinga á kortagrunni. Reiknað er með að vinna við kortið ljúki árið 2020. Ekki er frágengið hvernig viðhaldi kortsins verður háttað en það er á ábyrgð ráðuneytis og allt eins líklegt að óskað verði eftir aðkomu Byggðastofnunar.

A.9. Verslun í strjálbýli

- Áfram verður boðið upp á styrki og ráðgjöf við verslun í strjálbýli. Síðla árs 2018 var auglýst eftir styrkumsóknum vegna verslunar í strjálbýli og var úthlutað styrkjum til sex aðila. Samið var við einstakling um ráðgjöf við tvær verslanir á árinu 2019. Í september 2019 var aftur auglýst eftir styrkumsóknum vegna verslunar í strjálbýli. Verður styrkjum úthlutað fyrir áramót 2019/2020. Þá er reiknað með að veitt verði ráðgjöf til þriggja verslana en um fyrirkomulag verður ekki tekin ákvörðun fyrr en metið hefur verið hvernig til tókst á árinu 2019. Byggðastofnun annast umsýslu verkefnisins fyrir hönd ráðuneytis.

A.18. Skilgreining opinberrar þjónustu og jöfnun aðgengis.

- Á árinu 2019 hófst vinna við að skilgreina hvað er grunnþjónusta og rétt fólks til opinberrar grunnþjónustu en í framhaldinu verða unnar tillögur um tæknilega framkvæmd og jöfnun kostnaðar við að sækja einstaka þætti þjónustu á vegum ríkisins. Byggðastofnun leiðir verkefnið og vinnur það í samstarfi við ráðuneyti, Samband íslenskra sveitarfélaga, landshlutasamtök sveitarfélaga og sveitarfélög.

C.2. Brothætt byggðarlög

- Haldið verður áfram í verkefninu og unnið með sex af þeim sjö byggðarlögum sem voru þátttakendur á árinu 2019 og því eða þeim byggðarlögum sem kunna að verða valin til þátttöku til viðbótar. Eitt byggðarlag mun útskrifast úr verkefninu á árinu 2019 en þrýstingur er á að taka inn ný byggðarlög og líklegt að það verði gert á árinu 2020. Nánar er fjallað um verkefnið í kafla 4.2.2.

C.13. Opinberar upplýsingar á sviði byggðamála

- Haldið verður áfram samstarfi opinberra stofnana, sérstaklega Hagstofu Íslands og háskóla, um að byggja upp tölfræðilegan gagnagrunn á sviði byggðamála. Gögn sem þegar eru komin í grunninn verða uppfærð en jafnframt unnið að nýjum verkefnum. Sjá nánar í kafla 5.3.3.
- Auglýstir verða styrkir til rannsókna á sviði byggðamála úr Byggðarannsóknasjóði.
- Boðnir verða styrkir til meistaranema vegna verkefna tengdum byggðamálum.

Nokkur verkefni sem unnin eru af Byggðastofnun eru fjármöggnuð af Byggðaáætlun þó þau séu ekki sérstaklega nefnd í aðgerðakafla áætlunarinnar. Þau eru; umsjón með NPA, umsjón með NORA og umsjón með ESPON.

Áætlað umfang 2020:

Þjónustukort.....	6 mannmánuðir
Verslun í strjálbýli.....	1 mannmánuður
Skilgreining opinberrar þjónustu og jöfnun aðgengis.....	8 mannmánuðir
NPA umsjón	5 mannmánuðir
NORA umsjón	3 mannmánuðir
ESPON umsjón.....	2 mannmánuðir

2.4.2 Sóknaráætlanir landshluta

Á árinu 2020 mun Byggðastofnun áfram (1) vinna með stýrihópi stjórnarráðsins að útfærslu og framkvæmd verkefnisins, (2) aðstoða einstök landshlutasamtök við framkvæmd sóknaráætlana, (3) samhæfa aðkomu ólíkra stofna ríkisvaldsins að þessari vinnu, (4) vinna að stöðugreiningum og þróun mælikvarða á árangri sóknaráætlana einstakra landshluta og (5) fara yfir skilagreinar frá landshlutasamtökunum vegna framkvæmdar samninga um sóknaráætlanir einstakra landshluta og gefa umsögn um hvort skilyrði einstakra samninga séu uppfyllt.

Áætlað umfang 2020:

Starfsmaður sóknaráætlana: 6 mannmánuðir

Vinna með stýrihópi og við sóknaráætlanir 3 mannmánuðir

3. LÁNASTARFSEMI BYGGÐASTOFNUNAR

3.1 Lög um Byggðastofnun nr. 106/1999 með síðari breytingum

Úr 2. gr. Hlutverk

Í samræmi við hlutverk sitt undirbýr, skipuleggur og fjármagnar stofnunin verkefni og veitir lán með það að markmiði að treysta byggð, efla atvinnu og stuðla að nýsköpun í atvinnulífi. Fjármögnun verkefna skal eftir föngum vera í samstarfi við aðra.

11. gr. Veiting lána og ábyrgða

Byggðastofnun veitir lán eða ábyrgðir í samræmi við hlutverk sitt, sbr. 2. gr.

Stjórn stofnunarinnar getur falið forstjóra að ákveða einstakar lánveitingar samkvæmt reglum sem stjórn setur, sbr. 10. tölul. 4. gr.

Reikningslegur aðskilnaður skal vera á milli lánastarfsemi stofnunarinnar og annarrar starfsemi. Fjárhagslegt markmið lánastarfsemi stofnunarinnar samkvæmt þessari grein skal vera að varðveita eigið fé hennar að raungildi.

Ákvarðanir Byggðastofnunar sem lúta að veitingu lána eða ábyrgða og umsýslu tengdri þeim, sbr. 1. mgr., eru endanlegar á stjórnarsýslustigi.

3.2 Stöðugreining

Einn meginþátturinn í starfi Byggðastofnunar er að leitast við að tryggja litlum og meðalstórum fyrirtækjum utan höfuðborgarsvæðisins aðgang að lánsfé. Færa má fyrir því sterk rök að lán á hagstæðum kjörum gegn veðum í fasteignum og atvinnutækjum sé skynsamlegri, sanngjarnari og ódýrari leið en beinir styrkir til eflingar atvinnulífs. Lánastarfsemi er í eðli sínu áhættusöm á svæðum sem búa við neikvæðan hagvöxt en stuðningur ríkisins við slíka lánastarfsemi skilar sér til baka í öflugra atvinnulífi og skattgreiðslum fyrirtækja sem njóta lánafyrirgreiðslu stofnunarinnar, starfsmanna þeirra og afleiddrar starfsemi um land allt.

Á árinu 2018 bárust stofnuninni 131 lánsbeiðnir. Þrátt fyrir að dregið hafi úr eftirspurn, með tilliti til fjölda, samanborið við metárið á undan þegar umsóknir voru 155 var heildarupphæð lánsbeiðna 2018 þó hærri eða 6,9 ma.kr. samanborið við 6,3 ma.kr. árið 2017.

Í lok október 2019 höfðu stofnuninni borist 111 lánsúmsóknir að upphæð 5,4 ma.kr. og því ljóst að hin mikla eftirspurn síðustu ára er enn til staðar enda tveir mánuðir eftir af árinu þegar þetta er skrifað.

Heildarstaða lánasafns Byggðastofnunar í lok árs 2018 var um 13,3 ma.kr. og hafði þá hækkað um tæpa 2 ma.kr. frá árinu á undan. Staða safnsins í lok september 2019 var um 14,4 ma.kr. og safnið því enn að stækka. Útlán til landbúnaðar og ferðaþjónustu vega langþýngst í lánasafni stofnunarinnar, þar af er landbúnaður tæpir 5 ma.kr.

Í lok árs 2014 voru samþykktar breytingar á reglugerð um aðbúnað dýra í mjólkur- og sauðfjárrækt. Þessar breytingar gera það að verkum að mjólkurframleiðendur sem eru með básafjós þurfa að huga að því hvort þeir muni halda áfram búskap og fara í kostnaðarsamar framkvæmdir eða hætta. Viðbúið er að búum mun fækka og þau sem eftir verða stækki og auki framleiðslu.

Sérstök lán í landbúnaði sem stofnunin fór af stað með í byrjun árs 2014 hafa verið eftirsótt og margir bændur farið í kostnaðarsamar framkvæmdir með lánum frá stofnuninni. Þá má tæpa á óljósri stöðu sauðfjárræktar í landinu, en greinin hefur átt undir högg að sækja um nokkurt skeið og ekki síst síðustu tvö ár þar sem afurðaverð til bænda hefur lækkað stórkostlega. Að lokum er vert að nefna óvissu í loðdýrarækt, en sterkt gengi og lágt heimsmarkaðsverð hefur gert loðdýrabændum erfitt fyrir og hafa þeir rekið bú sín með rekstrartapi síðustu ár. Þar að auki tekur ný dýravelferðareglugerð gildi árið 2020 sem gerir kostnaðarsamar framkvæmdir við búrastækkar nauðsynlegar. Nú er svo komið að búum hefur fækkað verulega og hætta á að greinin leggist af að fullu hér á landi við óbreytt ástand.

Enn er nokkur uppgangur í ferðaþjónustu. Heildarfjöldi erlendra ferðamanna árið 2018 var rúmlega 2,3 milljónir og er um að ræða 5% aukningu frá 2017 en þá voru erlendir ferðamenn rúmlega 2,2 milljónir.

- Um 2,3 milljónir ferðamenn komu með flugi um Keflavíkflugvöll eða 98,8% af heildarfjölda ferðamanna.
- Tæp 21 þúsund komu með Norrænu um Seyðisfjörð eða tæp 1% af heild.
- Um 7 þúsund komu með flugi um aðra flugvelli en Keflavík eða um 0,3% af heild.

Aukinn straumur ferðamanna hefur vitanlega töluverð áhrif á íslenskan efnahag með beinum og óbeinum hætti. Viðbúið er því að áfram berist stofnuninni töluvert af lánsbeiðnum í þessum geira. Hins vegar virðist sem að áætlanir ferðaþjónustuaðila hafi oft verið full bjartsýnar og vildu margir kenna því um að fjölgun gistirýma á sumum svæðum hefði verið meiri en fjölgun ferðamanna segir til um sem gerði það að verkum að nýting herbergja var minni en áætlað var. Einnig virðist nýting á airbnb gistirýmum og húsbílum vera meiri en áður var áætlað auk þess sem að fall WOW air hafði skammtímaáhrif til lækkunar fjölda ferðamanna með tilheyrandi tekjubresti ferðaþjónustuaðila.

Útlán til sjávarútvegs hafa farið minnkandi undanfarin ár hjá stofnuninni. Tæknivæðing innan greinarinnar gerir það að verkum að stærri útgerðir og vinnslur verða hagkvæmari en þær smærri þar sem viðskiptamódelið er viðkvæmara og framlegðin minni. Þá virðist sem svo að bankarnir séu viljugri til þess að fjármagna verkefni í landsbyggðunum með veði í fiskkvóta en önnur.

Stöðugur vöxtur hefur verið í fiskeldi undanfarin ár og gera áætlanir fyrirtækja í greininni ráð fyrir að hann haldi áfram. Fyrirtækin hafa verið að útvega sér starfsleyfi, rækta seiði og auka eldismassa í kvíum. Ljóst er að forsvarsmenn fiskeldi á Íslandi eru stórhuga og töluverðu fjármagni þegar verið varið í greinina. Útistandandi lán Byggðastofnunar í greinina eru nú rétt rúmar 400 m.kr. og viðbúið að lánsbeiðnum fjölgi áfram.

Í fyrrahaust kvað Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála upp úrskurði í málum er varða fiskeldi á sunnanverðum Vestfjörðum. Með úrskurðunum var ákvörðun Matvælastofnunar frá 22. desember 2017 um að veita Fjarðarlax hf. (nú Arnarlax) og Arctic Sea Farm hf. rekstrarleyfi fyrir allt að 17.500 tonna ársframleiðslu á laxi í opnum eldiskvíum í Patreksfirði og Tálknafirði felld úr gildi. Í framhaldinu voru sett lög á Alþingi þess efnis að ráðherra væri heimilt að veita fiskeldum bráðabirgða starfsleyfi svo þau gætu leyst úr ofangreindum annmörkum. Hins vegar er ljóst að þessi atburðarrás er til þess fallin að minnka traust á greininni fyrir alla hagaðila.

3.3 Útlánaáætlun og verkefni á sviði lánamála á árinu 2020

Á árinu 2020 er áætlað að ný útlán stofnunarinnar verði um 2,75 ma.kr. Til samanburðar höfðu verið veittir 2,3 ma.kr. eftir októbermánuð 2019.

Á árinu 2020 er gert ráð fyrir að framlag í afskriftarreikning útlána verði að hámarki 200 m.kr. Áhætta vegna nýrra útlána mun takmarkast af því, en framlög í afskriftarreikning eru ákveðin af lánanefnd við ákvörðun um lánveitingu, og færð til gjalda við útborgun lánsins. Nauðsynlegt getur reynst að taka útlánaáætlun til endurskoðunar ef aðstæður breytast. Megin markmiðin eru að útlánageta stofnunarinnar nýtist sem allra best og að uppfylla skilyrði laga um fjármálafyrirtæki um lágmarks eiginfjárhlutfall stofnunarinnar.

Fram til ársins 2014 var einungis einn lánaflokkur í boði hjá stofnuninni, en þá voru kynnt til sögunnar svokölluð Landbúnaðarlán. Þau voru hugsuð til að auðvelda nýliðun í landbúnaði og bjóða ungum bændum hagstæð lán til jarðakaupa. Flokkurinn var svo útvíkkaður skömmu síðar og nær nú einnig yfir endurbætur og uppbyggingar á búum í rekstri. Skömmu síðar fóru svo af stað lán til stuðnings fyrirtækjareksturs kvenna í þeim tilgangi að efla þátttöku kvenna að stofnun og rekstri fyrirtækja. Báðir lánaflokkarnir hafa reynst vel og er stöðug eftirspurn í þá. Nýsköpunarlán fóru svo í loftið á haustmánuðum 2017, en aðgengi að fjármagni til nýsköpunar utan höfuðborgarsvæðisins hefur verið takmarkað, frumkvöðlar talið lítinn stuðning þar að finna og eftirsóknarvert fyrir byggðaþróun að bæta úr með bættu aðgengi að þolinmóðu lánsfjármagni. Eftirspurn hefur verið takmörkuð í þennan flokk af einhverjum ástæðum og er vert að skoða hvort gera þurfi breytingar á fyrirkomulagi hans. Í sumar fór svo í loftið lánaflokkurinn Græn lán sem hefur það að markmiði að styðja við umhverfisvæn verkefni í landsbyggðunum. Lánaflokkar stofnunarinnar eru því nú orðnir fimm og vöruframboð hennar til þess fallið að mæta þörfum landsbyggðanna.

Þá má að lokum nefna að nú standa yfir viðræður við European Investment Fund sem er í eigu Evrópubankans og Evrópusambandsins. Þessi sjóður hefur m.a. það að markmiði að styðja við lánveitingar á veikum svæðum aðildarríkja EES með 50% ábyrgð á lánveitingum á þessum svæðum. Ljóst er að náist samkomulag við sjóðinn aukast möguleikar stofnunarinnar til lánveitinga með einum eða öðrum hætti.

LÁNAFLOKKAR BYGGÐASTOFNUNAR

- **Almenn lán**
 - 5,7% verðtryggt
 - 3% álag á REIBOR
 - 4,5% álag á LIBOR eða EURIBOR
 - Lánstími allt að 20 ár
 - 1,8% lántökugjald
- **Landbúnaður**
 - 4,8% verðtryggt
 - Lánstími allt að 25 ár
 - 1,8% lántökugjald
 - Á jörð verður að vera búskapur og föst búseta
 - Möguleiki á eingöngu vaxtagreiðslum í allt að 3 ár
- **Atvinnurekstur kvenna**
 - 4,8% verðtryggt
 - 2% álag á REIBOR
 - Lánstími allt að 10 ár
 - 1,8% lántökugjald
 - Að lágmarki 50% félagsins í eigu kvenna og undir stjórn þeirra.
 - Lánupphæðir
 - Allt að 5mkr. án trygginga
 - Allt að 10 mkr. með tryggingum
- **Nýsköpun**
 - 3,5% álag á REIBOR
 - Lánstími allt að 5 ár
 - 1,8% lántökugjald
 - Lánupphæð að hámarki 5 mkr.
 - Tryggingar í formi veða í hlutafé/hugmynd/vörumerki
 - Möguleiki á:
 - Algjöru greiðsluleysi fyrsta árið
 - Greiða eingöngu vexti næstu tvö ár á eftir
 - Öllum lánum fylgi breytiréttur í hlutafé
 - Eiginfjárframlag skal vera jafnt lánupphæð að lágmarki
- **Græn lán**
 - 4,8% verðtryggt
 - 2% álag á REIBOR
 - Lánstími allt að 20 ár
 - 1,8% lántökugjald
 - Möguleiki á eingöngu vaxtagreiðslum í allt að 3 ár
 - Til umhverfisvænna verkefna
 - Lánstími í samræmi við veðandlag



Alltaf er óvissa um eftirspurn eftir útlánum en í ljósi tregðu banka til fjármögnunar fyrirtækja í landsbyggðunum síðustu misserin má gera ráð fyrir að hin mikla eftirspurn 2019 haldist á næsta ári og skiptir þá máli að Byggðastofnun geti veitt viðskiptavinum sínum sanngjörn kjör á sínu starfssvæði sem eru sambærileg við þau kjör sem fyrirtæki sem eru staðsett á svæðum sem búa ekki við markaðsbrest fá hjá viðskiptabönkunum. Í samræmi við þetta skal á árinu 2020 leggja áherslu á eftirfarandi viðmið:

1. Vegin meðaláhætta allra útlána ársins 2020 verði ekki hærrí en 10%.
2. Miðað skal við að áhætta vegna eins eða fleiri tengdra aðila fari ekki yfir 350 m.kr.
3. Sköpun eða varðveisla varanlegra starfa.
4. Að nægjanlegt eiginfjárframlag sé til nýrra verkefna.

Reglubundinni lánastarfsemi Byggðastofnunar verður haldið áfram með óbreyttu sniði. Auk þess verður sérstök áhersla lögð á eftirfarandi verkefni:

3.3.1 Bætt þjónusta og aukinn sýnileiki í landsbyggðunum

Töluverð aukning hefur verið í greiningum lánsbeiðna frá árinu 2014 og hefur það, ásamt undirmönnun á fyrirtækjasviði um tíma, gefið minni tíma til að viðhalda því góða sambandi sem Byggðastofnun hefur haft í gegnum tíðina við sína viðskiptavini og atvinnuráðgjafa í landshlutunum. Með tilkomu nýrra vöruflokka s.s. stuðnings við fyrirtækjarekstur kvenna, lána til landbúnaðar, nýsköpunarlána og nú grænna lána hefur vöruframboð stofnunarinnar aukist. Atvinnuráðgjafar hafa því kallað eftir meira samstarfi við fyrirtækjasvið um leiðir sem fyrirtækjum og einstaklingum standi til boða hjá stofnuninni til fjármögnunar á verkefnum.

Síðustu ár hefur verið lögð áhersla á bætt þjónustu og sýnileika fyrirtækjasviðsins út um allt land. Bæði gagnvart nýjum og núverandi viðskiptavinum og við atvinnuráðgjafa og ráðgjafa í landbúnaði á svæðunum. Starfsmenn sviðsins hafa verið á ferðinni að heimsækja núverandi og nýja viðskiptavini og auk þess að hafa auglýsta viðverutíma í samstarfi við atvinnuþróunarfélög og Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins. Auglýst er tímanlega í svæðismiðlum um stað og stund viðveru.

Þetta verkefni hefur gefist mjög vel. Áætlað er að viðhalda þessum og fara þær reglulega. Þetta bætir gott samband við núverandi viðskiptavinum stofnunarinnar ásamt því að skapa nýjar tengingar.

Áætlað umfang 2020: 3 mannmánuðir

3.3.2 Áhættustefnur og áhættureglur – mælingar og eftirfylgni

Byggðastofnun hefur skráð áhættustefnu stofnunarinnar í fjórum megin liðum, þ.e. lausafjárahættu, rekstraráhættu, útlánaáhættu og markaðsáhættu. Áhættustefna og áhættureglur Byggðastofnunar voru samþykktar í stjórn í byrjun árs 2015 og voru síðast endurskoðaðar haustið 2018.

Í áhættustefnunni og áhættureglum felst greining, mat og stýring á áhættuþáttum í rekstri og skilvirkt skipulag til að meta, mæla eða draga úr áhættu með ígrunduðum ákvörðunum. Sett voru markmið stofnunarinnar í þessum megin áhættuliðum og hvernig eftirfylgni með þeim er háttáð. Í ársfjórðungslegum áhættuskýrslum eru framkvæmdar mælingar á þeim viðmiðum sem sett eru fram í áhættustefnu stofnunarinnar og áhættureglum. Til viðbótar kemur árlega út ICAAP (Internal Capital Adequacy Assessment Process) skýrsla sem tekur saman ofangreinda þætti með ítarlegri hætti.

Áfram verður unnið marksvið að eflingu áhættustjórnunar með því að fylgjast stöðugt með því hvort þörf sé á að bæta innri ferla og auka skilvirkni greininga og miðlunar á helstu áhættum í rekstri stofnunarinnar.

Áætlað umfang 2020: 2 mannmánuðir

3.3.3 Lánaflokkar

Eins og frammar greinir hefur lánaflokkum í boði hjá stofnunni fjölgað síðastliðin ár. Þetta hefur útvíkkað vöruframboðið verulega og reynst vel fyrir því mikilvægt er að stofnunin bregðist við í vöruframboði sínu eftir aðstæðum hverju sinni.

Skoðað verði á árinu að stækka enn frekar þessa flóru með hugsanlegri tilkomu EIF og endurskoðun núverandi lánaflokka.

Áætlað umfang 2020 2 mannmánuðir

3.3.4 Kaup á hlutafé og styrkveitingar 2020

Lagt er til að stofnuninni verði heimilt að verja allt að 50 m.kr. til þátttöku í hlutafjárukningu í félögum sem hún er þegar hluthafi í til að styrkja fjárhag þeirra og verja hagsmuni sína. Skoðaðir verða möguleikar á styrkveitingum eftir því sem fjárveitingar og fjárhagsstaða stofnunarinnar gefur tilefni til.

4. STUÐNINGUR VIÐ BYGGÐAÞRÓUN

4.1 Lög um Byggðastofnun nr. 106/1999 með síðari breytingum

2. gr. Hlutverk

Byggðastofnun skipuleggur og vinnur að atvinnuráðgjöf í samstarfi við atvinnuþróunarfélög, sveitarfélög og aðra haghafa.

9. gr. Atvinnuráðgjöf

Byggðastofnun skipuleggur og vinnur að ráðgjöf við atvinnulífið á starfssvæði stofnunarinnar í samstarfi við atvinnuþróunarfélög, sveitarfélög og aðra.

Stofnunin skal í samstarfi við þá aðila sem sinna atvinnuráðgjöf vinna að bættu skipulagi atvinnuráðgjafar og aukinni þekkingu ráðgjafa m.a. í því skyni að gera ráðgjöfina markvissa og stuðla að betri nýtingu fjármuna. Stofnunin getur gert samninga við atvinnuþróunarfélög, stofnanir, sveitarfélög, sjálfstætt starfandi ráðgjafa eða aðra um að annast atvinnuráðgjöf á tilteknu sviði, atvinnugrein eða landsvæði.

4.2 Inngangur

Samstarf um atvinnu- og byggðaðróun í öllum landshlutum á starfssvæði stofnunarinnar á sér langa sögu. Nýrri veigamikil verkefni stofnunarinnar eru verkefni Brothættar byggðir og úthlutun á aflamarki Byggðastofnunar. Þá var stofnuninni falið með lögum nr. 41/2015 um ívilnanir til nýfjárfestinga á Íslandi að meta áhrif nýfjárfestingar á byggðaðróun og atvinnulíf. Engin beiðni um mat borist Byggðastofnun frá árinu 2015.

4.2.1 Atvinnuráðgjöf á starfssvæði Byggðastofnunar

Samkvæmt fjárlögum ársins 2020 mun ríkið veita um 209,6 m.kr. til atvinnuráðgjafa á landsbyggðinni. Nýir samningar um atvinnu- og byggðaðróun voru undirritaðir í upphafi árs 2018 með gildistíma frá 1. janúar 2018 til 31. desember 2022. Samningarnir eru uppsegjanlegir með sex mánaða fyrirvara.

Markmið samninganna er:

- Að skapa grundvöll um samstarf við byggðaðróun í samræmi við stefnu Alþingis í byggðamálum, með áherslu á búsetskilyrði og samkeppnishæfi, nýsköpunar- og atvinnuþróunarstarf.
- Að samþætta áherslur ríkisins og sameiginlegar áherslur á starfssvæði viðkomandi félags m.a. í samræmi við Sóknaráætlun landshlutans.
- Uppbygging og gagnkvæm miðlun þekkingar, reynslu og hæfni á sviði atvinnu- og byggðaðróunar milli samningsaðila.

Atvinnuþróunarfélögin eða þeir aðilar sem Byggðastofnun gerir samninga við um atvinnuráðgjöf skulu meðal annars vinna að atvinnu- og byggðaðróun, atvinnuráðgjöf, nýsköpun, eflingu búsetuþátta og upplýsingaöflun. Þá er lögð áhersla á að sinnt sé endurmenntun og samstarfi.

Byggðastofnun leggur þeim sem atvinnuráðgjöfinni sinna til fé, fylgist með að starfsemi þeirra sé í samræmi við skyldur, veitir faglega aðstoð, samræmir tengsl og gengst fyrir fundum, ráðstefnum og

náms- og kynnisferðum. Þá eru ákvæði í samningunum um markmiðasetningu og árangursmat sem og eftirfylgni. Að öðru leiti eru félögin á forræði heimamanna og lúta ekki valdi Byggðastofnunar nema hvað varðar þau atriði sem samningar kveða á um.

Framlag Byggðastofnunar til starfsemi atvinnuráðgjafarinnar er ákveðið í fjárlögum hvers árs. Á fundi sínum 25. janúar 2013 samþykkti stjórn Byggðastofnunar tillögu að nýrri skiptingu fjár til atvinnuþróunar

Meginhluta fjár til atvinnuþróunar er skipt á milli samningsaðila í samræmi við stærð og fjölda vinnusóknarsvæða innan þeirra vébanda. Fjöldi vinnusóknarsvæða endurspeglar að talsverðu leyti vegalengdir innan starfssvæða atvinnuþróunarfélaga og kostnað við starfsemi á mörgum stöðum. Stærð vinnusóknarsvæðanna endurspeglar styrk þeirra og þótt gert sé ráð fyrir að kostnaður við atvinnuþróun aukist með auknum mannfjölda er reiknað með hlutfallslega hærrí upphæðum til fámennari svæða. Sums staðar falla vinnusóknarsvæði saman og er þá íbúafjöldi aðeins talinn til annars svæðisins.

Vægi vinnusóknarsvæða:

- A- Stærstu vinnusóknarsvæði landsins..... 10 einingar
- B- Stærsta vinnusóknarsvæði hvers félags..... 10 einingar
- C- Önnur stærri vinnusóknarsvæði..... 6 einingar
- D- Miðlungs vinnusóknarsvæði 3 einingar
- E- Lítil vinnusóknarsvæði..... 1 eining

Á árinu 2013, þegar þessu kerfi var komið á, var hver eining 1 m.kr. Með fyrirvara um framlag á fjárlögum er gert ráð fyrir að sú upphæð hækki í samræmi við verðlagsþróun á komandi árum. Verði síðar gerð breyting á einingafjölda vegna tiltekinnar tegundar svæðis gengur hún sjálfkrafa yfir öll sambærileg svæði á landinu. Flytjist vinnusóknarsvæði milli þeirra aðila sem atvinnuráðgjöf veita leiðir það jafnframt sjálfkrafa til breytinga á fjárframlögum samkvæmt þessu líkani.

Jafnframt er gert ráð fyrir tiltekinni upphæð vegna sérstakra aðstæðna sem ekki endurspeglast í fjölda og stærð vinnusóknarsvæða. Hér er sérstaklega litið til erfiðra samgangna, mikillar fólksfækkunar, lágra launa, fábreytni í atvinnulífi og atvinnuleysis. Þessar upphæðir verða samningsbundnar vegna þróunarsetra á vegum viðkomandi félaga og verða endurskoðaðar með tilliti til breytinga á aðstæðum á viðkomandi svæði og öðrum svæðum landsins. Á árinu 2019 var veitt 21,2 m.kr. til slíkra þróunarsetra á Vestfjörðum og 10 m.kr. á Suðurnesjum.

Á árinu 2019 hefur verið unnið að sameiningu Eyþings, Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar og Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga. Þessi breyting leiðir til þess að samkvæmt reiknireglunni lækkar framlag til hins sameinaða félags um 4 einingar sem þýðir lækkun framlags um rúmar 5 m.kr. Til að stefna ekki sameiningunni í hættu og í ljósi þess að fyrir dyrum stendur að endurskoða reiknireglu fjárframlaga til atvinnuráðgjafarinnar og jafnvel að færa fjárframlögin yfir í sóknaráætlanasamninga verða fjárframlög til nýs aðila um atvinnuráðgjöf a starfssvæði Eyþings í samræmi við reiknireglu en til viðbótar verður greidd föst fjárupphæð 5 m.kr. til félagsins.

Á árinu 2020 verður stuðningur Byggðastofnunar við atvinnuráðgjöfina í samræmi við samninga þar um, fjárveitingum samkvæmt fjárlögum 2020 og reglum stjórnar Byggðastofnunar um skiptingu fjár.

Samkvæmt fjárlögum lækkar framlagið um 1,1 m.kr. og verður 209,6 m.kr. eins og áður segir. Á árinu 2020 er lagt til að framlag til þróunarsetra á Vestfjörðum og Suðurnesjum verði óbreytt, 21,2 m.kr. á

Vestfjörðum, 10 m.kr. á Suðurnesjum og tekið verði upp framlag til Norðausturlands, 5 m.kr. Að öðru leiti skiptast upphæðir hlutfallslega jafnt á milli félaganna í samræmi við grunnframlagið sem lækkar um 0,52%. Lækkun er á bilinu frá 0,31% til 0,68%.

Frá því árið 2018 hefur verið í umræðunni hvort taka eigi upp nýja reiknireglu við skiptingu fjárframlaga til atvinnuráðgjafarinnar. Það mál hefur lítt þokast meðal annars vegna þess að ekki hafa fengist skýr svör um heimildir stjórnar Byggðastofnunar til að breyta sérstökum fjárframlögum til einstakra svæða. Stefnt er að því að fá niðurstöðu í það mál á árinu 2020 og að í framhaldinu verði ráðist í endurskoðun reiknireglunnar.

Miðað við ofangreint verður skipting fjár til atvinnuþróunarinnar á árinu 2020 sem hér segir:

		Grunn- framlag	Aukaframlag	Samtals	Breyting í kr.	%breyting
Vesturland	13,97%	23.876.000		23.876.000	-145.000	-0,60%
Vestfirðir	12,50%	21.362.000	21.200.000	42.562.000	-131.000	-0,31%
Norðurland vestra	13,97%	23.876.000		23.876.000	-145.000	-0,60%
Norðurland eystra	18,38%	31.415.000	5.000.000	36.415.000	-250.000	-0,68%
Austurland	16,18%	27.646.000		27.646.000	-168.000	-0,60%
Suðurland	17,65%	30.159.000		30.159.000	-184.000	-0,61%
Suðurnes	7,35%	12.566.000	10.000.000	22.566.000	-77.000	-0,34%
Samtals	100,00%	170.900.000	36.200.000	207.100.000	-1.100.000	
Sameiginlegir fundir og fræðsla				2.500.000		
Af fjárlögum				209.600.000		

4.2.2 Stuðningur við brothætt byggðarlög

Á árinu 2019 voru þátttakendur í „Brothættum byggðum“ eftirtalin byggðarlög: Árneshreppur, Bakkafjörður, Borgarfjörður eystri, Grímsey, Hrísey, Þingeyri og Öxarfjarðarhérað.

Fyrir hvert byggðarlag er skipuð verkefnisstjórn sem í sitja fulltrúar íbúa, sveitarfélags, Byggðastofnunar, landshlutasamtaka og atvinnuráðgjafar. Einn af lykilþáttum verkefnisins Brothættar byggðir er að leiða fram vilja og skoðanir íbúanna sjálfra og hefst sú vinna á tveggja daga íbúáþingi. Með því er ætlunin að leita lausna á forsendum íbúanna og út frá greiningu á stöðu byggðarlags og niðurstöðum íbúáþings er mótuð stefna og verkefnisáætlun fyrir byggðarlaginu með það fyrir augum að allir sem að verkefninu koma hafi skýra sýn á nauðsynlegar aðgerðir.

Verkefnið miðar að víðtæku samráði íbúa, sveitarfélags, landshlutasamtaka/atvinnuþróunarfélags og ríkisvalds, og því að virkja þekkingu og getu innan byggðarlaga til að móta markmið og lausnir. Þeim aðferðum sem beitt er, er ætlað að stuðla að valdeflingu (e. „empowerment“), sem birtist m.a. í fyrirkomulagi funda og í ferlinu í heild sinni. Meginmarkmið verkefnisins er að stöðva viðvarandi fólksfækkun í smærri byggðakjörnum og í sveitum landsins. Undirmerkið eru þessi:

- Að auka viðnámsþrótt brothættra byggðarlaga gegn hnignun svo sem fólksfækkun, skekktri aldursdreifingu og áföllum í atvinnulífi.
- Að virkja frumkvæði íbúa og samtakamátt og auka vitund þeirra um eigin þátt í þróun samfélagsins.
- Að gefa íbúum kost á að taka þátt í forgangsriðun málefna.

- Að stilla saman strengi ríkis, sveitarfélags, opinberra stofnana, atvinnulífs og íbúa í ákvörðunum sem varða viðkomandi byggðarlag.
- Að nýta verkefnið til að vekja athygli á viðfangsefnum sem eiga við í fleiru en einu byggðarlagi og leita lausna á þeim í samstarfi við stjórnvöld og aðra hagsmunaaðila.

Veturinn 2014/2015 lét atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið leggja mat á verkefnið og var á árinu 2015 unnin stefnumótun fyrir það sem m.a. tekur mið af niðurstöðum matsins, sem og fenginni reynslu á verkefnistímanum. Nú skiptist verkefnið í fjóra áfanga og getur verkefnistíminn verið allt að fimm árum í hverju byggðarlagi. Einnig er gert ráð fyrir því að ráðinn sé verkefnisstjóri sem sinni þáttökubýggðarlögum á tilteknu svæði/landshluta.

Jafnframt því að móta verkefnislýsingu fyrir Brothættar byggðir hefur verið unnin fjárhagsáætlun sem tekur mið af því að ráðnir séu verkefnisstjórar og að úthlutað verði verkefnastyrkjum í hverju þáttökubýggðarlagi.

Eitt byggðarlag lýkur þáttöku í verkefninu í lok árs 2019 og á árinu 2020 mun eitt byggðarlag verða tekið inn í verkefnið en þrýstingur er á að taka ný byggðarlög inn.

4.2.3 Aflamark Byggðastofnunar

Aflamark Byggðastofnunar byggir á 10.gr. laga um stjórn fiskveiða nr. 116/2006 með síðari breytingum. Á fiskveiðiárinu 2018/2019 hefur stofnunin 5.150 þorskígildistonn til ráðstöfunar. Samningar eru á ellefu stöðum. Þeir eru: Sunnanverðir Vestfirðir, Þingeyri, Flateyri, Suðureyri, Dranganes, Hrísey, Grímsey, Raufarhöfn, Bakkafjörður, Breiðdalsvík og Djúpivogur. Allir samningarnir voru gerðir til sex ára að yfirstandandi fiskveiðiári meðtöldu fyrir utan á Breiðdalsvík þar sem tvö ár eru liðin af sex ára samningi.

Á árinu er gert ráð fyrir almennri eftirfylgni, umsýslu, fundum og heimsóknum vegna verkefnisins. Auk þess þurfa samningsaðilar að gera grein fyrir framgangi verkefnisins að afloknu hverju fiskveiðiári. Tilgangur þess er að safna upplýsingum um framgang verkefnanna og fylgjast með hvernig samningunum hefur verið framfylgt en einnig til að reyna að meta árangur af samningunum. Allnokkur umsýsla er með verkefninu og meiri en menn gerðu sér grein fyrir í upphafi.

Af úthlutaðu heildaraflamarki hvers árs eru 5,3% tekin út fyrir sviga. Þessum aflaheimildum er skipt í nokkra kvótapotta. Það er Aflamark Byggðastofnunar, almennan byggðakvóta, strandveiðar, línuvílnun o.fl. Að störfum er nefnd, skipuð af sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, varðandi áðurnefnda kvótapotta og gert er ráð fyrir hún skili af sér tillögum á næstu vikum. Mögulega mun Byggðastofnun fá aukið hlutverk í úthlutun og umsýslu með þessum aflaheimildum. Fyrstu mögulegar breytingar á þessum kvótapottum gætu tekið gildi þann 1. september 2020.

4.2.4 Svæðisbundin flutningsjöfnun

Byggðastofnun tók við umsýslu með svæðisbundinni flutningsjöfnun um áramót 2012/2013. Markmiðið með svæðisbundinni flutningsjöfnun er að styðja við framleiðsluþæfni og atvinnuuppbyggingu í landsbyggðunum með því að jafna flutningskostnað framleiðenda sem eru með framleiðslu og lögheimili fjarri innanlandsmarkaði eða útflutningshöfn og búa þ.a.l. við skerta samkeppnisstöðu vegna hærri flutningskostnaðar en framleiðendur staðsettir nær markaði. Umsjón með, yfirferð og útgreiðslu styrkja er í höndum starfsmanna Byggðastofnunar. Vegna breytinga á lögum um svæðisbundna flutningsjöfnun sem tóku í gildi 1. janúar 2019 var afgreiðsla umsókna umfangsmeiri

en áður. Farið verður í vinnu við að breyta rafrænum umsóknum og vinnulagi með það að markmiði að stytta afgreiðslufrest.

4.2.5 Flutningsjöfnun olíuvara

Í byrjun árs 2014 tók Byggðastofnun við umsjón með Flutningsjöfnunarsjóði olíuvara (FO). Markmið laga um FO er að endurgreiða flutningskostnað á olíuvörum. Samkvæmt lögum um sjóðinn er forstjóri eða staðgengill hans stjórnarformaður sjóðsins og var ákveðið að staðgengill forstjóra, forstöðumaður fyrirtækjasviðs, tæki við því hlutverki. Stór hluti af starfsemi sjóðsins er útvistaður til einkafyrirtækis en ákveðið var á árinu 2014 að færa bókhald sjóðsins til Byggðastofnunar og hefur það frá árinu 2015 verið unnið á rekstrarsviði stofnunarinnar.

Stjórn sjóðsins hefur nú skilað minnisblaði til ráðuneytisins þar sem lagt er til að lögin verð afnumin og sjóðurinn lagður niður. Tryggja verður þó upphaflegan tilgang sjóðsins, þ.e. að um byggðaaðgerð sé að ræða og flutningsjöfnun á olíuvörum sé til að jafna verð á olíuvörum um allt land og þar með lífskjör einstaklinga og starfsskilyrði fyrirtækja. Því verði flutningsjöfnun ekki lögð niður með þessari aðgerð heldur gerð markvissari og flutt inn í byggðaaætlun þar sem eðlilegra er að hún eigi sér farveg.

4.2.6 AVS.

AVS rannsóknasjóður starfar á vegum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins og veitir styrki til rannsóknar- og þróunarverkefna sem auka verðmæti sjávarfangs. Styrkir eru veittir til verkefna sem taka á öllum þáttum sjávarútvegs og fiskeldis og eru til hagnýtra rannsókna. Umsækjendur geta verið einstaklingar, fyrirtæki, rannsóknar-, þróunar- og háskólastofnanir.

Byggðastofnun var um áramótin 2013/2014 falin umsýsla með sjóðnum. Í stað stjórnar, var sett á stofn úthlutunarnefnd, sem forgangsraðar umsóknum og gerir tillögur um styrki til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. Honum fylgdi starfsmaður sem er nú starfsmaður Byggðastofnunar.

Reiknað er með að starfsemi verði með óbreyttu sniði út árið 2020. Hins vegar er í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu verið að vinna að sameiningu AVS sjóðsins og Framleiðnisjóðs landbúnaðarins og miða áætlanir við að nýr sjóður taki til starfa í ársbyrjun 2021.

4.2.7 Annar stuðningur við byggðapróun

Á undanförunum misserum hefur afgreiðslum banka og pósthúsa verið lokað á mörgum minni þéttbýlisstöðum en einnig hefur aðgengi að opinberri þjónustu versnað og á það bæði við um þjónustu á vegum ríkis og sveitarfélaga. Hugmyndir eru uppi um samstarf þeirra aðila sem veita mikilvæga þjónustu, hvort heldur á vegum einkaaðila eða opinberra og leita lausna. Þannig verði nærþjónusta eflid með samvinnu um framboð margra þjónustupátta. Byggðastofnun tekur þátt í þessari vinnu og telur það hlutverk sitt að vinna að slíkum verkefnum.

Frá árinu 2005 hefur Byggðastofnun ásamt Listahátíð í Reykjavík og Air Iceland Connect staðið að veitingu Eyrarrósarinnar, viðurkenningar fyrir framúrskarandi menningarverkefni á starfssvæði Byggðastofnunar. Í árslok 2012 var samningurinn endurnýjaður fyrir tímabilið 2013–2016, verðlaunaféð hækkað og fyrirkomulagi viðurkenningarinnar jafnframt breytt til samræmis við eflingu menningarstarfs í landsbyggðunum á síðustu árum. Menningarfulltrúar landshlutasamtakanna hafa nú fengið formlegt umsagnarhlutverk við val verkefna, jafnframt því sem afhending viðurkenningarinnar mun framvegis færast milli landshluta og varpa þannig sviðsljósinu á menningarstarf á ólíkum svæðum á starfssvæði Byggðastofnunar. Samningsaðilar ákváðu að framlengja samstarfið til næstu 4 ára með

óbreyttu sniði, en þó þannig að árlegt framlag Byggðastofnunar hækkar úr kr. 2.500.000 í 3.000.000. Var nýr samningur undirritaður við afhendingu Eyrarrósarinnar 2017. Þá hefur Byggðastofnun frá árinu 2011 veitt Landstólpann, viðurkenningu til einstaklings, fyrirtækis, stofnunar eða sveitarfélags vegna verkefnis, starfsemi, umfjöllunar eða annars sem aukið hefur veg byggðarlagsins. Tímabært er að endurskoða fyrirkomulag hvað varðar Landstólpann.

4.3 Verkefni á sviði byggðapróunar á árinu 2020

4.3.1 Stuðningur við atvinnuþróun

Á árinu 2020 verður stuðningur Byggðastofnunar við atvinnuráðgjöfina í samræmi við samninga þar um, fjárveitingar á fjárlögum 2020 og reglur stjórnar Byggðastofnunar um skiptingu fjár. Sjá 4.2.1 Atvinnuráðgjöf á starfssvæði Byggðastofnunar.

Skoðað verður áfram hvort ástæða sé til að taka upp nýja reiknireglu við skiptingu fjárframlaga til atvinnuráðgjafarinnar. Verður þeirri vinnu lokið á árinu 2020.

Áætlað umfang 2020:

Samstarf um atvinnuþróun: 4 mannmánuðir

Umsjón með „Vinnutorgi“ og endurskoðun reiknireglu..... 1 mannmánuður

4.3.2 Brothættar byggðir

Unnið verður áfram að verkefninu sem hófst á Raufarhöfn á árinu 2012. Verkefnið mun ná til átta byggðarlaga á árinu 2020.

Í byggðaaætlun er gert ráð fyrir 100 m.kr. framlagi til verkefnisins.

Áætlað umfang 2020:

Samhæfing og yfirumsjón verkefnisins: 17 mannmánuðir

4.3.3 Aflamark Byggðastofnunar

Áfram verði unnið að almennri umsýslu með þeim samningum sem eru í gildi en samskipti og umsýsla vegna verkefnisins hefur verið meiri en gert var ráð fyrir í upphafi.

Áætlað umfang 2020:

Vinna við byggðakvóta 4 mannmánuðir

4.3.4 Svæðisbundin flutningsjöfnun

Auglýst verður eftir umsóknum um styrki vegna flutningsjöfnunar, umsóknir sem berast yfirfarnar, afgreiddar og greitt út samkvæmt reglum. Aðilar sem fá greitt geta svo átt von á að verða heimsóttir og að gögn varðandi kostnað séu skoðuð. Vegna mögulegrar útvíkkun styrkjanna má áætla að meiri tími fari í að undirbúa móttöku umsókna auk þess sem reikna má með að fjöldi umsókna verði meiri.

Áætlað umfang 2020:

Vinna við flutningsjöfnun: 6 mannmánuðir

4.3.5 Flutningsjöfnun olíuvara

Stór hluti af starfsemi Flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara hefur verið útvistaður til einkafyrirtækis en bókhald sjóðsins og utanumhald er hjá Byggðastofnun. Lagt hefur verið til við ráðuneytið að lögin um sjóðinn verði afnumin og hann lagður niður í núverandi mynd en flutningsjöfnun færist þess í stað inn í byggðaaætlun.

Áætlað umfang 2020:

Vinna við flutningsjöfnun olíuvara 2 mannmánuðir

4.3.6 AVS

Starfsemi sjóðsins á árinu 2020 verður með sama hætti og undanfarin ár.

Áætlað umfang 2020:

Vinna við AVS: 10 mannmánuðir

4.3.7 Annar stuðningur við byggðaþróun

Á árinu 2020 mun Byggðastofnun áfram taka þátt í samstarfi við Listahátíð í Reykjavík og Air Iceland Connect um veitingu Eyrarrósarinnar jafnframt því sem Landstólpinn verður veittur á aðalfundi stofnunarinnar.

Áætlað umfang 2020:

Vinna við annan stuðning: 1 mannmánuður

5. ÖFLUN OG MIÐLUN UPPLÝSINGA

5.1 Lög um Byggðastofnun nr. 106/1999 með síðari breytingum

2. gr. Hlutverk

Byggðastofnun fylgist með þróun byggðar í landinu, m.a. með gagnasöfnun og rannsóknum. Stofnunin getur gert eða látið gera áætlanir um þróun byggðar og atvinnulífs í þeim tilgangi að treysta búsetu og atvinnu í byggðum landsins.

8. gr. Rannsóknir á atvinnu- og byggðapróun

Byggðastofnun vinnur að gagnasöfnun og rannsóknum og fylgist með atvinnu- og byggðapróun og helstu áhrifaþáttum hennar og árangri opinberra stuðningsaðgerða á sviði atvinnumála og byggðapróunar, jafnt á Íslandi sem í löndum þar sem svipaðar aðstæður eru. Stofnunin getur tekið þátt í alþjóðlegum rannsóknarverkefnum og gert samninga við háskóla, rannsóknastofnanir og aðra um rannsóknir á þessu sviði.

5.2 Inngangur

Mikilvægt er að gerðar verði vandaðar rannsóknir á áhrifum skipulags opinberrar þjónustu á lífshjör og byggðapróun. Þjónusta á borð við heilbrigðis- og félagsþjónustu, löggæslu og dómstóla, menntun og menningarstarfsemi eru eftirsóknarverð gæði og skattgreiðendur sækjast eðlilega eftir búsetu á svæðum þar sem þeir geta notið þeirrar þjónustu sem þeir greiða fyrir. Á sama tíma skapar slík þjónusta mörg og fjölbreytt störf sem geta eftir búsetu á stórum svæðum og stuðlað að eðlilegri aldurs- og kynjasamsetningu þeirra.

Ennfremur er þörf á auknum rannsóknum á margvíslegum tegundum byggðarlaga og mismunandi svæðum landsins. Þannig er til dæmis mikilvægt að greina ólík tækifæri og áskoranir í sveitum landsins, smærri þorpum og stærri bæjum sem gegna þjónustuhlutverki fyrir tiltekin svæði. Atvinnusóknarkort Byggðastofnunar leggur mikilvægan grunn að frekari rannsóknum en enn er þó tiltölulega lítið vitað um þætti eins og fasteignamarkað, samskiptamynstur milli byggðarlaga og innan svæða. Kannanir á þjónustusókn í öllum landshlutum utan höfuðborgarsvæðisins, sem Byggðastofnun hefur unnið, varpa ljósi á hvert íbúar sækja mismunandi tegundir þjónustu um lengri og skemmri veg. Frekari úrvinnsla þarf að fara fram.

Stærð svæða ákvarðast af samskiptum fólks og því er mikilvægt að auka þekkingu á áhrifum samgangna og boðskipta á byggðapróun. Efla þarf rannsóknir á samfélagslegum áhrifum vegakerfisins og stuðla að nýtingu þeirra í ákvarðanatöku í samgöngumálum.

Vart verður áhuga stjórnvalda á að fela stofnuninni fleiri verkefni. Þar er nýjast að með lögum um opinber fjármál nr. 123/2015 er Byggðastofnun falið að gefa fjárlaganefnd Alþingis umsögn um áhrif fjárlagafrumvarpsins á byggðapróun í landinu. Í lögum 52/2016 um almennar íbúðir er ákvæði um að íbúðalánasjóður geti óskað umsagnar Byggðastofnunar við mat á svæðum þar sem veita má viðbótarframlag frá ríkinu vegna þess að bygging íbúða hefur verið í lágmarki eða sérstök vandkvæði eru á því að fá fjármögnun á almennum markaði. Þá er æ oftast kallað eftir greiningum stofnunarinnar ef upp koma alvarleg vandamál í einstökum atvinnugreinum eða byggðarlögum og telur stofnunin sé skylt að bregðast fljótt við þegar slík erindi berast.

Haldið verður áfram samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga og landshlutasamtökin en þau hafa víða tekið við atvinnuráðgjafarstarfseminni.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er víða að finna áform um aðgerðir í byggðamálum sem gefa tilefni til að Byggðastofnun komi að verkum. Stofnunin mun bjóða fram krafta sína eftir því sem tilefni gefst. Eins og áður er fram komið er stofnunin framkvæmdaraðili að 11 aðgerðum í byggðaáætlun 2018-2024.

5.2.1 Úttektir, greiningar og umsagnir

Byggðastofnun safnar og miðlar margvíslegum upplýsingum um stöðu og framtíðarhorfur landsbyggðanna. Þar má til dæmis nefna greinargerðir sem fylgt hafa byggðaáætlunum, nú síðast ritið „Stöðugreining 2017 – Byggðaþróun á Íslandi“ sem er fylgdi drögum að stefnumótandi byggðaáætlun 2018-2024, en það var uppfærsla eldra skjals. Það skjal verður uppfært á árinu 2020. Í stöðugreiningum landshlutanna 8 voru einstakir kaflar verið uppfærðir á árinu 2019. Á árinu 2019 var unnin skilgreining fyrir samgöngu og sjávarútvegsráðuneytis á hvaða byggðarlög falla undir skilgreininguna „dreifðar sjávarbyggðir“. Að ósk mennta- og menningarmálaráðuneytisins voru unnar tillögur um svæði þar sem heimilt verði að veita sérstakar ívilnanir við endurgreiðslu námslána. Var höfð hliðsjón af þeim tillögum í endanlegri gerð lagafrumvarps. Gera þarf ráð fyrir svigrúmi í starfsáætlun til að bregðast við erindum af þessum toga.

Skýrslur um dreifingu sauðfjárbúa voru uppfærðar á árinu. Skýrsla um hagvöxt landshluta 2012-2017 var unnin í samvinnu við Hagfræðistofnun Háskóla Íslands. Skýrsla um þróun atvinnutekna 2008-2018 eftir atvinnugreinum og svæðum var uppfærð. Þessar skýrslur verða báðar uppfærðar á árinu 2020. Á árinu birti stofnunin uppfærða spá um þróun mannfjölda eftir sveitarfélögum til ársins 2067. Stofnunin vinnur úr og birtir opinberar upplýsingar sem fengnar eru frá ýmsum aðilum og má þar nefna kort sem byggð eru á gögnum Hagstofu Íslands um íbúðapróun og atvinnugreinar, gögnum Bændasamtaka Íslands um greiðslumark í landbúnaði, upplýsingum úr Árbók sveitarfélaga um útsvarstekjur o.fl., gögnum Vinnumálastofnunar um atvinnuleysi eftir landshlutum og gögnum um vinnusóknarsvæði þéttbýlisstaða sem safnað var í samvinnu við atvinnuþróunarfélögin. Mikilvægt er að þessar upplýsingar séu uppfærðar reglulega og brýnt er að uppfæra kortagögn sem og að endurskoða stærð vinnusóknarsvæða.

Húsnæðisverð er mjög mishátt eftir því hvar á landinu er. Á sumum svæðum er endursöluverð húsnæðis svo lágt að ekkert er byggt því byggingarkostnaður er langt yfir söluverði. Greina þarf þau svæði þar sem svo er ástatt og gera tillögur um hvernig hægt er að bregðast við. Íbúðalánasjóður hefur leitað aðkomu Byggðastofnunar vegna tilraunaverkefnis um lausn á húsnæðisvanda svæða þar sem húsnæðismarkaður er lítið virkur eða óvirkur og tekur stofnunin þátt í verkefninu.

Í framhaldi af því að búið er að gera þjónustusóknarkannarnir um allt land utan höfuðborgarsvæðisins var á árinu 2019 unnið úr niðurstöðum. Afla þarf frekari upplýsinga um hvort búseta hafi áhrif á það hvort fólk sækir sér sérhæfða heilbrigðisþjónustu og er stefnt að því að skýrsla verði kláruð á fyrri hluta árs 2020.

Árið 2019 var hafin vinna við að skoða hvernig eignarhaldi bújarða er háttáð. Fyrir liggur að bæði samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti og forsætisráðuneytið leggja áherslu á að það verkefni verði klárað svo fljótt sem kostur er og verður lagt kapp á að ljúka verkinu á fyrri hluta árs 2020.

Á árinu 2019 var hafist handa við að skilgreina hvað er grunnþjónusta og rétt fólks til opinberrar grunnþjónustu og að vinna tillögur um jöfnun kostnaðar. Því verkefni verður haldið áfram á árinu 2020. Á árinu 2019 vann Byggðastofnun með Hagstofu Íslands að verkefni sem snýst um að skilgreina smásvæði vegna hagskýrslugerðar en skipting landsins í sveitarfélög er óheppileg til þeirra nota þar sem sum sveitarfélög eru of fámenn til að hægt sé að birta upplýsingar um þau. Vegna breytinga í starfsmannahópnum var ákveðið að minnka þátt Byggðastofnunar í verkefninu og mun þátttöku ljúka á árinu 2020. Loks hefur Byggðastofnun gegnt mikilvægu hlutverki fyrir Íslands hönd í alþjóðlegu samstarfi um rannsóknir og stefnumótun í byggðamálum. Starfsmenn Byggðastofnunar eru þátttakendur í starfsnefndum á vegum norrænu embættismannanefndarinnar um byggðamál sem Nordregio hefur umsjón með auk þess sem forstjóri stofnunarinnar situr í stjórn Nordregio sem er rannsóknarstofnun á sviði byggðamála á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar. Þá sitja starfsmenn Byggðastofnunar fundi stjórnarnefndar evrópsku byggðarannsóknastofnunarinnar ESPON í umboði samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins og á árinu 2015 endurnýjaði stofnunin samning við Háskólann á Akureyri um að hann gegni hlutverki starfstengiliðs ESPON á Íslandi, tengi íslenska og evrópska háskóla og rannsóknastofnanir á sviði byggðarannsókna og þessar stofnanir og ESPON.

5.2.2 Mat á áhrifum nýffjórðingarkerfna, umsagnir um þingmál

Með lögum nr.41/2015 um ívilnanir til fjórðingarkerfna á Íslandi fékk Byggðastofnun það hlutverk að meta áhrif viðkomandi fjórðingarkerfnis á byggðaþróun og atvinnulíf. Þetta hlutverk hefur ekki verið íþyngjandi að undanförunu. Samkvæmt lögum nr.123/2015 skal Byggðastofnun gefa fjárlaganefnd Alþingis umsögn um áhrif fjárlagafrumvarpsins á byggðaþróun í landinu.

Stofnunin mun sinna beiðnum sem berast um umsagnir þingmála eins og gert hefur verið um langa hríð. Hefur beiðnum um umsagnir farið mjög fjölgandi.

5.2.3 Gagnagrunnur um byggðatengdar upplýsingar

Unnið hefur verið að uppbyggingu gagnagrunns um nokkurra ára skeið. Megin markmið með gagnagrunninum er að:

- Safna og tryggja varðveislu byggðatengdra upplýsinga.
- Styðja við greiningu og rannsóknir með því að tryggja aðgengi starfsmanna auk annarra að þessum upplýsingum.
- Stuðla að aukinni meðvitund almennings um byggðaþróun með myndrænni framsetningu slíkra upplýsinga um vefgátt.

Sem dæmi um gögn sem þegar hefur verið safnað í grunninn eru gögn um dreifingu starfsgilda ríkisstofnana á Íslandi, fasteignagjöld og orkukostnaður á völdum stöðum, mannfjöldagögn, greiðslumark og bústofsstærð í sauðfjár- og nautgriparækt frá Matvælastofnun, svæðaskiptar upplýsingar um heildarlaun eftir atvinnuflokkum frá Hagstofu Íslands ásamt ýmsum grunn landupplýsingum frá Landmælingum Íslands.

Starfsmenn Byggðastofnunar hafa þegar aðgang að grunninum og sem dæmi um hvernig hann nýtist við greiningu og rannsóknir birti Byggðastofnun á árinu 2018 íbúafjöldapróunarspá til ársins 2066 á sveitarfélagagrunni sem byggir á mannfjöldagögnum Hagstofu Íslands. Sú spá var uppfærð á árinu 2019 og nær nú til ársins 2067 eins og áður er fram komið.

Myndræn framsetning um vefgátt hefur jafnframt verið í þróun og sem dæmi má nefna aðgengi að mannfjöldagögnum Hagstofu Íslands á vefsíðu Byggðastofnunar.

Byggðastofnun hefur á undanförunum árum unnið að uppbyggingu gagnagrunns með byggðatengdum upplýsingum og framsetningu svæðisgreindra upplýsinga sem ekki hafa verið tiltækar annars staðar niður á einstök svæði. Framsetning hefur að öllu jöfnu verið í skýrsluformi auk kortagerðar. Í þessu efni hefur t.d. verið horft til framsetningar í Microsoft Power Bi eða með einhverjum sambærilegum hugbúnaði. Verið að skoða möguleika á samstarfi við landshlutasamtökin öll en SASS hefur unnið að framsetningu gagna með þessum hætti í samstarfi við Capacent.

5.2.4 Stuðningur við rannsóknir

Byggðastofnun stofnaði ásamt atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti Byggðarannsóknarsjóð sem hefur haft til úthlutunar 10 m.kr. á ári. Tilgangur sjóðsins er að efla byggðarannsóknir og bæta þannig þekkingargrunn fyrir stefnumótun og aðgerðir í byggðamálum. Fyrsta úthlutun úr sjóðnum fór fram á ársfundi Byggðastofnunar vorið 2015. Veittir eru styrkir til meistaránema. Annað hvert ár er haldin byggðamálaráðstefna í samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga og fleiri aðila þar sem kallað er eftir erindum um tilgreind málefni. Slík ráðstefna var haldin í Stykkishólmi í október 2018. Næsta ráðstefna verður haldin haustið 2020 og er hugmyndin að þar verði þar fjallað um skólamál í dreifðum byggðum. Fækkun nemenda, fjarkennslu, samstarf sveitarfélaga, nýja tækni, stoðþjónustu greiningar, tungumál, félagsstarf, íþróttir, nemendur af erlendu bergi ofl.

Á árinu 2018 var hafin umfangsmikil rannsókn á búferlaflutningum sem standa mun til ársins 2021. Samið var við Þórodd Bjarnason, prófessor um verkefnisstjórn.

5.3 Verkefni við söfnun og miðlun upplýsinga á árinu 2020

Auk venjubundinnar starfsemi við söfnun og miðlun upplýsinga mun Byggðastofnun á árinu 2020 vinna að þremur flokkum verkefna á þessu sviði.

5.3.1 Úttektir, greiningar og umsagnir

Stofnunin mun vinna tölfræðileg gögn um íbúapróun, þróun fasteignamats og fasteignagjalda,orkukostnað og atvinnutekjur eftir atvinnugreinum og svæðum. Stöðugreiningar landshluta voru uppfærðar á árinu 2019. Stefnt er að því að stöðugreining landsins í heild verði uppfærð á árinu 2020. Haldið verður áfram frekari úrvinnslu úr niðurstöðum þjónustukannana. Unnið verður að skilgreiningu smásvæða til hagskýrslugerðar með Hagstofu Íslands. Áfram verður unnin skýrsla um hagvöxt landshluta í samvinnu við Hagfræðistofnun Háskóla Íslands. Þá mun stofnunin eftir föngum vinna úttektir og greiningar fyrir ráðuneyti, þingnefndir, sveitarstjórnir og landshlutasamtök.

Þátttöku í nefndastörfum á vegum opinberra aðila verður sinnt eftir því sem tilefni gefst til og tók eru á. Sömu leiðis verður fylgst með hvernig nágrannarþjóðir takast á við byggðapróun

Unnin verður skýrsla um staðsetningu og fjölda starfa á vegum ríkisins og stofnana þess miðað við áramót 2019/2020. Stefnt er að því að einnig verði skoðað hvar þeir sem störfunum gegna eru staðsettir.

Haldið verður áfram vinnu við að skilgreina hvað er grunnþjónusta, tæknilega framkvæmd og jöfnun kostnaðar við að sækja þjónustuna.

Áætlað umfang 2020:

Vinna við úttektir, greiningar og umsagnir:..... 18 mannmánuðir
Nefndastörf, byggðaþróun í nágrannalöndum..... 3 mannmánuðir

5.3.2 Mat á áhrifum nýfjárfestingarverkefna, umsagnir um þingmál

Unnið verður mat á áhrifum þeirra fjárfestingarverkefna sem óskað kann að verða eftir af hálfu ráðuneytis. Unnið verður mat á áhrifum fjárlagafrumvarps á byggðaþróun. Veittar verða umsagnir um þingmál eftir því sem tilefni er til.

Áætlað umfang 2020:

Vinna við mat á áhrifum nýfjárfestinga og umsagnir um þingmál...3 mannmánuðir

5.3.3 Gagnagrunnur um byggðatengdar upplýsingar

Byggðatengdum upplýsingum verður safnað og varðveisla þeirra tryggð í gagnagrunni Byggðastofnunar og jafnframt einnig með öðrum hætti eftir því sem heppilegt kann að þykja. Stutt verður við greiningu og rannsóknir á byggðatengdum málefnum með því að tryggja aðgengi starfsmanna Byggðastofnunar auk annarra að þessum upplýsingum. Með myndrænni framsetningu þeirra um vefgátt verður leitast við að auka meðvitund almennings um byggðaþróun.

Haldið verður áfram samstarfi við Þjóðskrá, Skipulagsstofnun, Hagstofu Íslands, Samband íslenskra sveitarfélaga, Landmælingar, Nordregio, landshlutasamtökin og fleiri aðila um gagnaöflun og þróun myndrænnar framsetningar slíkra upplýsinga.

Áætlað umfang 2020:

Vinna við gagnagrunn:..... 10 mannmánuðir

5.3.4 Stuðningur við rannsóknir

Haldið verður áfram rannsókn á búferlaflutningum sem hófst 2018. Með starfrækslu Byggðarannsóknarsjóðs gefst tækifæri til að styðja við rannsóknir á svið byggðamála. Byggðastofnun mun auglýsa styrki úr Byggðarannsóknarsjóði og annast samskipti við umsækjendur en stjórn sjóðsins ákveður hvaða verkefni verða styrkt. Úthlutun mun fara fram á ársfundi Byggðastofnunar.

Auglýst verður eftir umsóknum frá mastersnemunum um styrki til mastersverkefna sem tengjast byggðamálum.

Haldin verður ráðstefna haustið 2020 í samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga og fleiri um skólamál í dreifðum byggðum.

Áætlað umfang 2020:

Undirbúningur ráðstefnu og stuðningur við rannsóknir: 5 mannmánuðir

6. STARFSÁÆTLUN STJÓRNAR BYGGÐASTOFNUNAR

Í samræmi við góða stjórnarhætti skal stjórn Byggðastofnunar árlega skilgreina mikilvægustu verkefni sín, markmið og stefnu stofnunarinnar og gera starfsáætlun um störf sín. Í þessari starfsáætlun eru sett niður þau föstu verkefni sem stjórn Byggðastofnunar skal taka fyrir á fundum sínum samkvæmt reglum um störf stjórnar Byggðastofnunar og lagafyrirmælum, en einnig önnur verkefni og upplýsingagjöf um stöðu ýmissa verkefna sem Byggðastofnun hefur með höndum. Þetta er ekki tæmandi listi og getur tekið breytingum.

Á öllum fundum stjórnar er gert ráð fyrir að fjallað sé um framfylgd starfsáætlunar og að lagt sé fram bráðabirgðauppgjör á rekstri stofnunarinnar um síðustu mánaðarmót til kynningar. Þá skulu ávallt lagðar fram fundargerðir lánanefndar og þau lánamál sem lánanefnd vísar til stjórnar til afgreiðslu.

Gert er ráð fyrir að forstöðumenn allra sviða stofnunarinnar sitji að jafnaði stjórnarfundina og starfsfólk stofnunarinnar komi inn á stjórnarfundum eins og tilefni er til.

Á fyrsta fundi nýrrar stjórnar eftir ársfund skal forstjóri leggja fram tillögu að dagsetningum stjórnarfundar til næsta ársfundar og staðsetningar.

6.1 Efni á dagskrá stjórnarfunda

Janúar

- Áhættuskýrsla 4. ársfjórðungs lögð fram til kynningar.
- Skýrsla regluvarðar lögð fram og erindisbréf regluvarðar endurnýjað.

Febrúar

- Endurskoðun á reglum um störf stjórnar.
- Kynning á útlánum ársins á undan.
- Kynning á starfsemi og verkefnum atvinnuþróunarfélaganna.
- Staðsetning og fundarefni ársfundar ákveðið.
- Skýrsla ábyrgðarmanns peningaþvættis lögð fram.
- Skýrsla persónuverndarfulltrúa lögð fram.

Mars

- Ársreikningur lagður fram til samþykktar. Innri og ytri endurskoðendur koma á fundinn og fara yfir sína vinnu. Fjallað um skýrslu endurskoðunarnefndar.
- ICAAP skýrsla næstliðins árs lögð fram til samþykktar.
- Samanburður á fasteignagjöldum - til kynningar.
- Samanburður á orkukostnaði - til kynningar.

Apríl

- Áhættuskýrsla 1. ársfjórðungs lögð fram til kynningar.
- Skýrsla um framfylgd jafnréttisáætlunar lögð fram til kynningar.
- Endurskoðun jafnréttisáætlunar Byggðastofnunar þriðja hvert ár.

Mái

- Kynning á starfsemi stofnunarinnar og regluverki sem um stofnunina gildir fyrir nýtt fólk í stjórn.
- Starfsáætlun stjórnar fyrir næstu 12 mánuði staðfest og fundartímar og staðsetning stjórnarfunda fram að næsta ársfundi.
- Endurskoðun á starfsreglum endurskoðunarnefndar.
- Kosning í endurskoðunarnefnd Byggðastofnunar til næstu 12 mánaða.

Júní

- Öryggisstefnur upplýsingatæknikerfa staðfestar.

Júlí

- Enginn fundur haldinn.

Ágúst

- 6 mánaða uppgjör stofnunarinnar lagt fram til samþykktar. Ytri endurskoðandi kemur á fundinn.
- Áhættuskýrsla 2. ársfjórðungs lögð fram til kynningar.
- AVS - kynning.

September

- Endurskoðuð áhættustefna Byggðastofnunar lögð fram til kynningar og umræðu.

Október

- Áhættuskýrsla 3. ársfjórðungs lögð fram til kynningar.
- Endurskoðuð Áhættustefna Byggðastofnunar lögð fram til samþykktar.
- Kynning á aflamarki Byggðastofnunar.
- Kynning á fullnustueignum og hlutabréfasafni Byggðastofnunar.
- Flutningsjöfnunarstyrkir - til kynningar.

Nóvember

- Drög að rekstrar- og starfsáætlun Byggðastofnunar næsta árs lögð fram til kynningar.
- Drög að umsögn Byggðastofnunar um fjárlagafrumvarp komandi árs til kynningar.

Desember

- Rekstrar- og starfsáætlun Byggðastofnunar næsta árs lögð fram til samþykktar.
- Brothættar byggðir - kynning á stöðu verkefnisins.